


# Ferli vegna innritunar nemenda í iðngreinar matvæla Menntaskólinn í Kópavogi



*Fjöldi nemenda sem skólinn innritar í hverri grein ræðst af getu atvinnulífsins til þess að taka nema á samning.*

*Leiðbeiningar byggja á reglum um vinnustaðanám: Reglugerð 180/2021*

*Reglugerðina má nálgast [HÉR](#)*

Á grundvelli reglugerðar þurfa reglur vegna nema á samningi að vera skýrar.

Nemendur hafa kæruleið til skóla og í framhaldi Menntamálaráðuneytis

Til að innritast í samningsbundið nám í matvælagreinum þurfa nemendur að hafa góð tók á íslensku.

Námssamningar eru rafrænir og vistaðir í Ferilbókinni. Aðilar undirrita námssamninga með rafrænum skilríkjum

Nemendur eru formlega innritaðir í skólann eigi sjaldnar en tvisvar á ári. Samningstími þeirra fram að innritun er metin afturvirkir að fullu

## Hagnýtar upplýsingar:

- Nemendur þurfa að hafa gott vald á íslensku til að hefja nám í matvælagreinum við Menntaskólann í Kópavogi.
- Beiðni um innritun (námssamning) má nálgast á heimsíðu Menntaskólans í Kópavogi.
- *Nemendur undir 18 ára þurfa samþykki forráðamanns til að skrá sig á samning.*
- Þegar umsókn um skólavist/námssamning er útfyllt rafrænt er hún send til skólans á netfangið [mk@mk.is](mailto:mk@mk.is)
- Nemendur eru innritaðir í Menntaskólann í Kópavogi og miðast samningstími við skráða upphafsdagsetningu umsóknar.
- Vinnustaðanámssamningur er undirritaður rafrænt í gegnum Innu
- Aðilar sem undirrita:
  - Nemandinn
  - Meistarinn
  - Áfangastjóri verknáms í Menntaskólanum í Kópavogi
  - Forráðamaður ef nemandi er undir 18 ára

## Hagnýtar upplýsingar:

- Við innritun er nemandinn skráður í rafrænu ferilbókina. Upphafsdagsetning ferilbókar getur verið afturvirk og miðast við dagsetningu umsóknar. Við skráningu í ferilbók fer fram rafræn undirritun skóla, nemanda, meistara og mögulega forráðamanns.
- Nemendur eru til skiptis á vinnustað og í skóla og geta innritast á hverja önn fyrir sig þegar meistari hefur staðfest að nemandi hafi lokið tilteknum verkflokkum
- Námssamningar eru ekki prentaðir út. Aðilar sem undirrita námssamninga fá skilaboð um undirritun í gegnum Signet.
- Forráðamenn ólögráða nemenda undirrita námssamningana líka.
- Ef aðili sem undirritar námssamning fær ekki skilaboð þar um getur viðkomandi skráð sig inn á [signet.is](http://signet.is) með rafrænu skilríkjum og þá bíða þar skilaboð um undirritun.
- Þegar komið er að skólavist nemandans sækir hann um innan tilskilins frests á heimasíðu Menntamálastofnunar [www.menntagatt.is](http://www.menntagatt.is)

## Dæmi:

- Nemandi ræður sig í vinnu og fær samningsloforð frá meistara 10. febrúar 2022. Hann sækir um skólavist í MK þar sem hann skráir upphafsdagsetningu samnings 10. febrúar 2022.
- Umsókn nemandans er afgreidd 15. maí 2022.
- Nemandinn er innritaður 15. maí 2022.
- Rafræn ferilbók er stofnuð 15. maí 2022 en upphafsdagsetning ferilbókar er skráð 10. febrúar 2022.
- Þannig fær nemandinn að fullu metna þá mánuði sem liðu fram að formlegri innritun.
- Við rafræna undirritun ferilbókar fá allir aðilar fullan aðgang og hafi nemandi lokið tilteknum verkþáttum má haka við þá þætti strax í byrjun.

**Hagnýtar upplýsingar:**

**Á heimasíðu Menntamálsstofnunar má  
finna almennar leiðbeiningar um notkun  
ferilbókar**

**<https://mms.is/rafraen-ferilbok>**